3, *Ljósker á Gerðatöngum* (Áslaksstaðatöngum) í Vatnsleysustrandarhreppi. Það er beint suður af svonefndu «Svartaskeri», í útsuður af «Fjósakotsboða» og í austur-landnorður af Hlöðuness- og Brunnastaðatöngum. Það lýsir á 3 hliðar, í útsuður, útnorður og landnorður og mun sjást um 2 mílur á haf út; það ber 30 fet yfir sjáfarmál. Í því á að loga frá 15. sept. til 15. apríl ár hvert, frá því í hálfdimmu að kvöldi til þess hálfbjart er að morgni. **33** 23. marz.

Þetta auglýsist hjermeð almenningi.

Reykjavík 23. marz 1886.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Samkvæmt auglýsingu 22. febr. 1875, 21. gr.

Jón Pjetursson. Jón Jensson.

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu* **um atkeri, er finnast á sjáfarbotni.** — Útaf fyrirspurn yðar, herra amtmaður, í þóknanlegu brjefi 24. okt. f. á. um það hver lög gildi á Íslandi um björgun atkera, er finnist á sjáfarbotni, og um það, hvernig farið skuli að með atkeri tvö dufllaus, en með tilheyrandi festum, er fundizt hafi og verið bjargað í sumar, er leið, nálægt Hrísey, skal jeg hjermeð þjónustusamlega tjá yður, að jeg álít næst liggja að beita í þessu tilfelli analogíu 25. gr. í lögum um skipaströnd 14. jan. 1876, er ræðir um mannlaus skip eða skipsbrot, er finnast á sjó úti, og að þessvegna beri að birta atkerafundinn í blöðunum á löglegan hátt og atkerin eða andvirði þeirra falla til landssjóðs, ef eigandi eigi sannar eignarrjett sinn innan árs og dags, en finnendum ber $^1/_3$ eða $^1/_5$ af andvirðinu eða þá endurgjald eptir reikningi, er lögreglustjóri úrskurðar. **34** 25. marz.

Auglýsing
um póstmál.

35 27. marz.

Ráðgjafinn fyrir Ísland hefur með brjefi 26. f. m. samþykkt:

1, að aukapóstur verði sendur frá Arnarholti, svo fljótt sem auðið er, í hvert skipti eptir komu aðalpósts þangað frá Reykjavík, til prestssetursins Borgar í Borgarhreppi, og að þar verði settur brjefhirðingastaður;

2, að aukapóstur verði sendur frá Ísafirði, svo fljótt sem auðið er eptir komu aðalpóstsins frá Reykjavík, sjóleiðis til Staðar í Grunnavík og þaðan aptur til Hesteyrar í Sljettuhreppi, og að sett verði brjefhirðing á Hesteyri.

Reykjavík 27. marz 1886.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Samkvæmt auglýsingu 22. febr. 1875, 21. gr.

Jón Pjetursson. Jón Jensson.

STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI.

Samkvæmt fjárlögunum fyrir 1886 og 1887.

10. gr. C. 4.

Skólastjóra við búnaðarskólann á Hólum, Jósep Björnssyni, veittur 400 kr. styrkur upp í kostnað af ferð hans til Kaupmannahafnar og veru hans í vetur á landbúnaðarháskólanum þar.